

Fjölskyldan á 20.öld



Efnisyfirlit

Fjölskyldan	2
Kveikjur	3
1910	4
Úr sveit í bæ	6
Mikilvægi fjölskyldunnar	7
Umræður og verkefni	8
“Viltu láta hann?”	9
1940	10
Íslenskar konur og erlendir hermenn	12
Allir í skóla	14
Umræður og verkefni	15
<i>Barnagælur</i>	16
<i>Lítill þröngur heimur</i>	17
1970	18
Verkaskipting kynjanna	20
Nýjungar og tækni	22
Umræður og verkefni	23
<i>Gulleyjan</i>	24
2000	26
Feður og mæður	28
Björg í bú	29
Umræður og verkefni	30
<i>Afi & pabbi</i>	30
<i>Fjötur um andlegan fót</i>	31
Að lokum	32

FJÖLSKYLDAN Á 20. ÖLD

ISBN: 978-9979-0-2145-2

© 2014 Hliðver Ingi Gunnarsson og Kristín Svava Tómasdóttir

© 2014 teikningar Freydis Kristjánsdóttir

© Sjá skrá yfir rétthafa ljósmynda er innan á baksíðu

Ritstjórn: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Faglegur yfirllestur: Eygló Sigurðardóttir, Birna Björnsdóttir, Helga Lyngdal grunnskólakennarar. Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur og jafnréttisstýra.

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2014

Menntamálastofnun

Kópavogur

Leturgerð meginmáls: Formata light 11 pt.

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. –

Umhverfissvottuð prentsmiðja

Fjölskyldan á 20.öld



Hlöðver Ingi Gunnarsson og Kristín Svava Tómasdóttir
Freydís Kristjánsdóttir teiknaði myndir


Fjölskyldan

Í þessari bók munuð þið lesa um sögu fjölskyldunnar á Íslandi á 20. öld, eða frá því um aldamótin 1900 og fram til aldamótanna 2000. Á þeim tíma urðu miklar breytingar á hlutverki fjölskyldunnar í samfélaginu og þeim aðstæðum sem íslenskar fjölskyldur bjuggu við.

Í bókinni kynnist þið fjórum íslenskum fjölskyldum sem bjuggu á ólíkum stöðum á Íslandi á ólíkum tímum á 20. öld. Engar tvær þeirra eru eins enda voru til fleiri fjölskyldumynstur á hverjum tíma. Það er erfitt að alhæfa um fjölskylduna, því fjölskyldur eru svo óskaplega margar og mismunandi.

Það var ýmislegt sem hafði áhrif á það hvers konar lífi íslenskar fjölskyldur lifðu á 20. öld. Var fjölskyldan fátæk eða vel stæð? Var hún stór eða lítil? Þjó hún í bæ eða sveit? Ólíkir fjölskyldumeðlimir gegndu ólíkum hlutverkum. Fullorðna fólkið hafði aðrar skyldur en börnin. Störf karla og kvenna voru ólík.

Hverjum kafla fylgja ljósmyndir og textar sem sóttir eru í blaðagreinir, viðtöl, ævi-sögur, ljóðabækur og skáldsögur. Slíkir textar og ljósmyndir geta sagt okkur ýmislegt um fortíðina sem við finnum ekki endilega í kennslubókum. Við hvetjum ykkur til að skoða myndirnar og lesa textana og velta fyrir ykkur hvað þeir segja okkur um líf kvenna, karla og barna á þessum tíma.



Kveikjur

Hvað er átt við með hugtakinu fjölskylda? Hvað þýðir fjöl og hvað þýðir skylda og hvernig tengist það hlutverki fjölskyldunnar? Eru þið sammála um það hvað fjölskylda er? Ræðið í hópum.

Haldið þið að hugtakið fjölskylda hafi aðra merkingu annars staðar? Hvernig eru fjölskyldugerðir erlendis öðruvísi en á Íslandi? Hvernig ætli reglur um hjónabönd og barneignir séu ólíkar eftir því hvar við erum stödd í heiminum?

Getur þú hugsað þér samfélag þar sem fjölskyldan er ekki til? Ræddu við bekkjarfélaga þína hvernig slíkt samfélag gæti litið út.

Berið fjölskyldur ykkar saman í hópum. Hvað er líkt og hvað er ólíkt með þeim? Eruð þið í hópnum sammála um það hvað fjölskylda er? Hvernig er dæmigerð fjölskylda í ykkar huga? Eru alltaf börn í fjölskyldunni? Veltið fyrir ykkur og ræðið þær fjölskyldugerðir sem birtast á myndunum hér á opnunni.



Gunnvör Árnadóttir, 42 ára
 Þórdís Jónsdóttir, 12 ára
 Árni Jónsson, 11 ára
 Andrés Jónsson, 7 ára
 Lárus Jónsson, 4 ára
 Valgerður Andrésdóttir, 73 ára
 Guðrún Árnadóttir, 31 árs

Við erum stödd í Reykjavík árið 1910. Í húsi við Vesturgötu býr Gunnvör Árnadóttir með börnum sínum fjórum, móður sinni og systur. Gunnvör er ekkja. Jón maður hennar var sjómaður en hann druknaði í róðri fyrir þremur árum.

Gunnvör og Jón eignuðust alls níu börn. Tvær elstu dæturnar eru 15 og 17 ára. Þær eru fluttar að heiman og orðnar vinnukonur hjá fólki úti í bæ. Yngsta dóttirin var nýfædd þegar Jón dó en þá hafði Gunnvör ekki efni á því að hafa öll börnin hjá sér. Þess vegna varð hún að láta hana í fóstur til bróður síns, sem er bóndi á Suðurlandi. Gunnvör og Jón eignuðust líka tvö börn sem dóu á fyrsta ári.

Fjölskyldan á Vesturgötunni leigir eitt herbergi en í hinum herbergjum hússins búa aðrar fjölskyldur. Þau hafa hvorki eldhús né klósett. Valgerður amma eldar matinn á kolaeldavél frammi á gangi og það er kamar bak við hús.

Það er erfitt fyrir einstæða konu að sjá fyrir heilli fjölskyldu, enda fá konur yfirleitt lægri laun en karlar. Gunnvör vinnur allan daginn. Hún þvær og þurrkar fisk við húsið heima á Vesturgötu. Hún þvær líka þvott fyrir efnaðri fjölskyldur víða um



bæinn. Til þess þarf hún heitt vatn en það er ekki komin hitaveita í Reykjavík og dýrt að sjóða vatn. Þess vegna þarf Gunnvör að fara með allan þvottinn í hjólbörum inn í Laugardal. Þar eru heitu laugarnar sem Laugardalurinn er kenndur við og þar þvo alþýðukonur konur í Reykjavík þvottinn sinn.

Árni og Þórdís ganga í Barnaskóla Reykjavíkur frá 10 til 14 ára aldurs. Þá fermast þau, hætta í skólanum og byrja að vinna fyrir sér. Jafnvel þótt þau langi til að halda áfram í skóla hefur



fjölskyldan ekki efni á því. Andrés er ekki byrjaður í skólanum svo hann hjálpar mömmu sinni við vinnuna. Guðrún frænka er þroska-hömluð og getur ekki unnið fulla vinnu. Hún aðstoðar Valgerði ömmu við að sjá um heimilið og yngsta drenginn, sem er enn of lítill til að gera gagn.

Þegar öll fjölskyldan er heima er þröng á þingi í herberginu á Vesturgötu. Á vetrarkvöldum leika strákarnir sér uppi í rúmi en Þórdís og fullorðnu konurnar þrjár þrjóna eða sauma. Saman

búa þær til næstum öll fötin á fjölskylduna. Meðan pabbi krakkanna var á lífi las hann fyrir þau úr bókum á kvöldin en Gunnvör hefur ekki lært að lesa jafn vel. Í staðinn segir Valgerður amma þeim sögur.

Þegar veðrið er gott leika krakkarnir sér úti. Vesturgatan er ein af lengstu götunum í Reykjavík og þar búa margir krakkar. Þegar Tjörninn er ísi lögð fara þau á skauta. Sé nægur vindur strengja þau stóran dúk milli tveggja viðarbúta og nota fyrir segl. Þegar karlar með háa hatta ganga framhjá er freistandi að henda í þá snjóboltum. Á sumrin veiða strákarnir fisk og fugla í fjörunni og fara í þönglabardaga. Stelpurnar hoppa í París og sippa – þar til kallað er í þær að passa.



Úr sveit í bæ

Á 19. öld bjuggu langflestir Íslendingar í sveit. Landinu var skipt í hreppa og í hverjum hrepp var hreppstjóri sem stjórnaði málum hreppsins. Ef foreldrar gátu ekki séð börnum sínum fyrir mat og húsaskjól þurfti hreppurinn að koma þeim til hjálpar. Þess vegna reyndu yfirvöld oft að koma í veg fyrir að fátækt fólk gifti sig og byrjaði að hlaða niður börnum. Ef fólk lenti í erfiðleikum var hægt að leysa fjölskylduna upp. Þá voru börnin tekin af foreldrum sínum og sett niður á þá bæi í sveitinni sem vildu taka þau.

Kirkjan hafði mikil áhrif á hugmyndir fólks á þessum tíma um það hvernig fjölskyldur ættu að vera. Samkvæmt boðskap Biblíunnar var tilgangur hjónabandsins að fjölga mannkyninu. Karl og kona áttu að giftast og eignast börn. Ógift fólk átti alls ekki að eignast börn – þótt ekki væri alltaf hægt að koma í veg fyrir það.

Um aldamótin 1900 var gamla samfélagið á Íslandi farið að breytast. Fólki hafði fjölgað svo mikið í landinu að það var ekki pláss fyrir alla í sveitunum. Í staðinn flyktist fólk í bæina, eða „á mölina“ eins og það var kallað. Þessi þróun dró smám saman úr valdi bæði hreppstjórans og kirkjunnar.

Árið 1910 var Reykjavík enn þá hálfgerð sveit. Kýr voru reknar eftir götunum, hestar bitu gras bak við hús og sumir kvörtuðu yfir því að göturnar væru fullar af hrossataði og kúamykju. Samt var lífið í bænum töluvert öðruvísi en í sveitinni. Fjölskyldan vann ekki lengur öll saman heima á sveitabænum heldu unnu meðlimir hennar á ólíkum stöðum úti í bæ. Bæjarbúar borðuðu annars konar mat, fóru seinna að sofa og seinna á fætur en fólk í sveitinni. Á kvöldin var hægt að fara á kaffihús eða í bíó.

Mikilvægi fjölskyldunnar

Í dag eyðum við miklum tíma á ýmsum stofnunum fyrir utan heimilið en árið 1910 voru næstum engar af þessum stofnunum til. Börn fóru ekki til dagmömmu eða á leikskóla. Flest börn byrjuðu ekki í skóla fyrr en þau urðu 10 ára. Það voru engin elliheimili til og mjög fá sjúkrahús.

Fjölskyldan átti að sjá um þá sem gátu ekki séð um sig sjálfir. Meðlimir fjölskyldunnar þurftu að gæta barnanna þangað til þau voru orðin nógu stór til að bjarga sér sjálf. Karlar og konur sem voru orðin gömul og veikburða urðu að treysta því að þau ættu athvarf hjá ættingjum sínum. Þeir sem voru veikir lágu í rúminu heima hjá sér.

Flest börn fæddust í heimahúsi. Þegar von var á nýju barni kom stundum yfirsetukona, eins og ljósmæður hétu þá, og aðstoðaði við fæðinguna. Móðirin hvíldi sig ef til vill í nokkra daga, síðan fór hún aftur að vinna. Annaðhvort hafði hún barnið hjá sér við vinnuna eða einhver önnur kona passaði það, til dæmis amma eða stóra systir.

Flestir dóu líka heima hjá sér. Það dóu hlutfallslega fleiri ungir árið 1910 en í dag. Fólk vissi minna um alls konar sjúkdóma og smitleiðir þeirra og lækningar voru fáir. Þegar einhver dó var það fjölskyldan sem sá um að þvo hinum látna, klæða hann í bestu fötin sín og leggja hann í líkkistuna áður en

hann var jarðaður. Kistan stóð síðan heima þangað til jarðarförin fór fram. Fólk var þess vegna vant því að umgangast dauðann á heimilinu, alveg eins og veikindi og fæðingar.



Líkkista í heimahúsi á fyrri hluta 20. aldar.

Umræður og verkefni

Það er kallað manntal þegar allt fólk sem býr á landinu er skráð með nafni, aldri og heimili. Á heimasíðunni www.manntal.is er hægt að nálgast manntöl á Íslandi frá 1703 til 1920. Farðu inn á síðuna, finndu eitt heimili frá 20. öld og segðu frá þeim sem þar búa. Eru íbúarnir á heimilinu ein fjölskylda? Búa einhverjir fleiri á heimilinu? Hvað vekur athygli þína við þessa fjölskyldu? Gæti hún verið til í dag eða væri hún á einhvern hátt óvenjuleg?

Taktu síðan lítið manntal af einhverri fjölskyldu eða heimili í kringum þig. Þú getur gert þetta ein/n þíns liðs eða í hóp með öðrum. Þú getur til dæmis heimsótt nágranna þína og tekið manntal, eða tekið manntal af þinni eigin fjölskyldu. Settu það upp á sama hátt og þú sérð á manntal.is.

Börn hafa alltaf skemmt sér í einhverjum leikjum. Á bls. 5 var minnst á þönglabardaga. Sérðu fyrir þér að krakkar í dag fari í þönglabardaga? Heldurðu að það séu einhverjir leikir sem þú leikur þér í dag sem krakkar léku sér í árið 1910? Hvaða leikir?

Ímyndaðu þér að einn daginn myndu allir skólar, leikskólar, elliheimili og sjúkrahús loka og fjölskyldan tæki við þessum hlutverkum aftur. Hvaða áhrif heldurðu að það myndi hafa á heimilislífið? Getið þið fundið dæmi um samfélög þar sem þetta er að einhverju leyti við lýði?

Veltu fyrir þér

Áður fyrr byrjuðu börn mun fyrr að vinna fyrir sér en í dag. Oft unnu þau erfiða vinnu og langan vinnudag og yfirleitt runnu laun þeirra til heimilisins. Þessi strákur var á sjó með þabba sínum árið 1927. Hvað heldurðu að hann sé gamall? Hvað er hann að gera? Af hverju heldurðu að hann sé um borð í skipinu og hvaða hlutverki gegnir hann þar? Ferð þú einhvern tímann með foreldrum þínum í vinnuna? Hjálpar þú til heima hjá þér?



Til umhugsunar

Hér rifjar Jakobína Sigurðardóttir það upp þegar hún var lítil stelpa í Hælavík á Hornströndum og hlustaði á foreldra sína tala saman um kvöld. Þau þurftu að taka erfiða ákvörðun um það hvort þau ættu að gefa eitt af börnunum sínum þrettán frá sér, til fósturforeldra sem voru betur stæð en þau. Settu þig í spor ólíkra aðila í textanum og útskýrðu þeirra sjónarmið. Segðu frá sjónarmiði foreldra og ímyndaðu þér hver ákvörðun þeirra hafi verið og af hverju. Hvað fannst barninu sjálfu? Vildi það vera áfram hjá foreldrum sínum eða fara á nýjan stað? Hvert var sjónarmið fjölskyldunnar sem vildi taka barnið að sér? Af hverju vildu þau það?



„Viltu láta hann?“

Þá – einu sinni þegar ég var andvaka og mamma lá uppi í rúminu hjá pabba – þau töluðu lágt, næstum hvíslandi, svo blíð og svo döpur, allt öðruvísi en á daginn. Mamma: „Ég veit ekki hvort við höfum rétt til að afþakka það, hans vegna.“ Pabbi: „Það er víst ekki auðvelt að vera viss um hvað er réttast í þessu, fremur en svo mörgu öðru. Nei, ég býst við að sumir myndu ekki hugsa sig um í okkar sporum, en –“ og svo heyri ég ekki orðaskil fyrr en mamma segir: „Þetta er svo vel stætt fólk. Og hann er nú svo mikið góðmenni, hann Jónas, og hún er víst raungóð, þó hún sé –“ hvíslar svo ég veit ekki hvernig „hún“ er. „Hann er nú okkar barn eins og þau hin,“ segir pabbi, efandi enn. „Hann kynni að ásaka okkur seinna fyrir að hafa ekki tekið þessu. Kannski fær hann að ganga menntaveginna síðar meir,“ hvíslar mamma. „Ekki verður mikið um það hjá okkur.“ „Það er í guðs hendi,“ svarar pabbi. Síðan þögn. Og ég vil ekki sofna, því ég veit að þau eru að tala um Inga bróður minn, sem hreppstjórinn vill taka í fóstur. Kannski hefir mamma verið að hugsa um hendur guðs áður en hún byrjar aftur að tala svo ég heyri. „Hann fengi þó alltaf nóg að borða hjá þeim.“ „Líklega, jú, ætli hann fengi það ekki. En það – er ekki alltaf nóg,“ segir pabbi dræmt. Og svo ákveðnara: „Vilt þú láta hann?“ Löng þögn. Næst hvíslar mamma grátandi: „Nei, ég vil það ekki – ekkert þeirra. En stundum verður maður –.“ „Svona, ljúfa, svona,“ hvíslar pabbi og ég veit að hann faðmar mömmu að sér, og mamma hann, halda hvort í annað dauðahaldi og hugga, elska.

Jóhann Sæmundsson, 55 ára
 Þórunn Egilsdóttir, 40 ára
 Sæmundur Jóhannsson, 17 ára
 Elísabet Jóhannsdóttir, 17 ára
 Kári Jóhannsson, 13 ára
 Jón Jóhannsson, 10 ára
 Lára Jóhannsdóttir, 8 ára
 Loppa, 3 ára



Við erum stödd í tveggja hæða húsi við Austurveg á Seyðisfirði árið 1940. Þar búa hjónin Jóhann og Þórunn með börnunum sínum fimm og kisunni Loppu. Þórunn eignaðist einn son áður en hún giftist Jóhanni en þá var hún einstæð móðir og það var ekkert dagheimili á Seyðisfirði þar sem hún gat haft barnið meðan hún vann fyrir þeim. Þess vegna þurfti hún að láta hann frá sér í fóstur til ókunnugra hjóna. Hún hefur ekki séð hann síðan.

Fjölskyldan á Austurvegi býr í lítilli íbúð á neðri hæð. Í íbúðinni er eldhús og baðherbergi með vatnslósetti. Í einu herbergi

sofa hjónin með Láru, í öðru herbergi sofa bræðurnir þrír, en Elísabet sefur á bedda í stofunni. Loppa sefur í eldhúsinu og sér um að mýs og rottur geri sig ekki heima-komnar. Fjölskyldan á engan bíl en Jóhann á lítinn árabát. Bak við hús hefur fjölskyldan matjurtagarð og hænur, sem yngstu börnin hjálpa mömmu sinni með.

Áður en Jóhann og Þórunn fluttu til Seyðisfjarðar voru þau bændur í Loðmundarfirði, þar sem Jóhann ólst upp. En fólkinu í



Loðmundarfirði var farið að fækka og fyrir tíu árum ákváðu Jóhann og Þórunn að freista gæfunnar á Seyðisfirði. Á sama tíma flutti faðir Jóhanns á elliheimilið þar en hann kemur oft í heimsókn á Austurvegin.

Fyrir á þessu ári urðu miklar breytingar í bænum. Í útlöndum geisar seinni heimsstyrjöldin og nú hefur Ísland verið hernumið af Bretum. Breskir hermenn komu til Seyðisfjarðar í júní. Þeir eru miklu fleiri en íbúar Seyðisfjarðar og bærinn er fullur af

ungum mönnum í einkennisbúningum með byssu. Hermennirnir hafa meira að segja lagt undir sig barnaskólann svo Lára, Jón og Kári hafa ekki komist í skólann síðan í vor.

Áður en Bretarnir komu í bæinn var oft atvinnuleysi á Seyðisfirði en nú er nóg vinna fyrir alla. Jóhann og Sæmundur vinna báðir í byggingaframkvæmdum fyrir herinn en Þórunn og Elísabet þvo fötin af hermönnunum. Kári lýkur barnaskólanum á næsta ári og getur ekki beðið eftir því að byrja líka að vinna fyrir herinn. Lára og Jón hafa meiri áhuga á að leika sér með vinum sínum. Áður en herinn kom börðust strákarnir með trésverðum en nú berjast þeir með þykjustubyssum.

Eftir að hermennirnir komu hefur verið meira fjör í bænum. Nú eru bíósýningar á hverju kvöldi, stundum tvisvar á dag, og ball að minnsta kosti einu sinni í viku. Þetta finnst Sæmundi og Elísabetu skemmtilegt en Jóhann og Þórunn nenna ekki í bíó eða á böll. Þau fara frekar í kaffi til ættingja og vina og hlusta á útvarpið.



Stúlkur heilsa að hermanna síð.

Íslenskar konur og erlendir hermenn

Samfélagið sem við búum í hefur mikil áhrif á það hvernig við hegðum okkur og hvað við teljum viðeigandi. Stundum er hegðun okkar stýrt með lögum. Í öðrum tilvikum eru það ráðandi viðhorf í samfélaginu sem hafa áhrif á hegðun okkar og hugmyndir.

Í samfélaginu hafa alltaf ríkt sterkar skoðanir á því hverjir megi stofna fjölskyldu með hverjum. Áður fyrr giftust ríkar, íslenskar fjölskyldur til dæmis oftast innbyrðis. Að giftast einhverjum sem var fátækari en maður sjálfur var kallað „að taka niður fyrir sig“ og þótti ekki fínt.

Meðan Ísland var hernumið áttu margar íslenskar konur í ástar-samböndum við breska og bandaríska hermenn og eignuðust jafnvel börn með þeim. Sumar konur giftust hermönnum og fluttu með þeim til Bretlands eða Bandaríkjanna. Þetta þótti ýmsum áhyggjuefni. Sambönd íslenskra kvenna við hermenn voru kölluð „ástandið“. Margir voru á þeirri skoðun að íslenskar konur ættu einungis að vera með íslenskum mönnum. Með því að leggja lag sitt við útlendinga væru konurnar á einhvern hátt að svíkja Ísland.



Sambönd íslenskra kvenna og hermanna voru litin hornauga.

Þessar hugmyndir einkenndust af því sem kallað er þjóðernishyggja. Litið var svo á að þjóðin ætti ekki að blandast öðrum þjóðum. Ekki giltu þó sömu reglur fyrir alla. Fólk hafði mun minni áhyggjur af því að íslenskir karlmenn væru með erlendum konum. Það voru fyrst og fremst konurnar sem áttu að gæta þess að allar fjölskyldur væru alíslenskar.

Seinna á 20. öld varð algengara að Íslendingar eignuðust útlenska maka. Fólk flutti með fjölskyldur sínar til Íslands alls staðar að úr heiminum. Á sumum heimilum eru jafnvel töluð mörg tungumál. Þjóðernishyggja er ekki horfin úr sam-félaginu en smám saman hafa fjölskyldur á Íslandi orðið fjölbreyttari.

Veltu fyrir þér

Skóðu þessa ljósmynd af mæðgum í Reykjavík um 1935. Hvernig er klæðnaður móðurinnar frábrugðinn klæðnaði dætranna? Klæða börn sig alltaf öðruvísi en foreldrar þeirra? Hver er munurinn á klæðaburði þínum og foreldra þinna? Eru áhugamál ykkar líka ólík, til dæmis tónlistin sem þið hlustið á?





Krakkar á stultum í Reykjavík um 1930.

Allir í skóla

Fyrir aldamótin 1900 voru fáir skólar á Íslandi. Kennsla barna fór að mestu leyti fram heima á sveitabæjunum og það var heimilisfólkið sjálft sem sá um kennsluna. Hún var undir miklum áhrifum frá kirkjunni. Allir krakkar áttu að læra kristinfræði og lestur og seinna skrift og reikning. Textarnir sem börnin lásu voru aðallega trúarlegir textar, til dæmis Nýja testamentið.

Síðar fjölgaði skólum, aðallega í bæjunum. Árið 1907 var skólaskyldu í fyrsta sinn komið á. Þá áttu öll börn á aldrinum 10 til 14 ára samkvæmt lögum að ganga í skóla. Síðan var skólaskyldan smám saman aukin. Krakkar voru fleiri ár í skólanum og lengur á hverjum vetri. Árið 1940 áttu öll börn að ganga í skóla frá 7 ára aldri og þar til þau urðu 14 ára.

Skólaganga barna var mjög mismunandi eftir því hvort þau bjuggu í sveit eða bæ. Í fyrstu voru engin sérstök skólahús í sveitinni, heldur fóru börnin í farskóla. Þá dvöldust kennarinn og allir krakkarnir á einum af bæjunum í sveitinni í nokkrar vikur í senn meðan kennslan fór fram. Þetta gat verið erfitt fyrir húsfreyjuna á bænum, sem var allt í einu komin með öll börnin í sveitinni inn á heimilið!

Um 1940 tóku heimavistarskólar við af farskólum til sveita. Þá voru byggð skólahús með gistiplássi fyrir öll börnin. Krakkarnir

yfirgáfu fjölskyldu sína og bjuggu í skólanum heilan vetur en fóru heim um helgar og í fríum.

Næstum öll börn gengu í barnaskóla en það var mjög misjafnt hvort krakkar héldu áfram að mennta sig eftir fermingu. Flest börn byrjuðu snemma að vinna og mörgum foreldrum fannst ástæðulaust fyrir þau að halda áfram í skóla – eða höfðu ekki efni á því. Það var til dæmis dýrara fyrir börn úti á landi að fara í framhaldsnám því þá þurftu þau oftast að flytja að heiman.

Umræður og verkefni

Prófaðu að setja þig í spor Þórunnar á bls. 10 og 11. Hvernig lífi heldur þú að hún hafi lifað? Hvernig var venjulegur dagur í lífi hennar? Hvaða áhugamál hafði hún? Hvaða skoðanir ætli hún hafi haft á hernáminu? Hvernig var samband hennar við ólíka fjölskyldumeðlimi? Heldur þú að Þórunn hafi ráðið miklu um það hvernig líf hennar varð? Þú getur sett svör þín upp sem dagbókarfærslu skrifaða af Þórunni.

Áður en skólaskyldu var komið á sá heimilisfólkið á hverjum bæ um að kenna börnunum heima. Sú kennsla hlýtur að hafa verið afar misjöfn milli bæja. Ímyndaðu þér að fullorðna fólkið á heimili þínu tæki við allri þinn menntun. Hvernig færir það fram ef fjölskylda þín sæi um kennsluna? Hver myndi kenna hvað? Hvernig yrðu áherslurnar öðruvísi en þær sem þú þekkir í skólanum?

Á 20. öld gengu mörg íslensk börn í heimavistar-skóla. Hvaða kosti og galla hafði það búa á heimavist með skólafélagunum í vikur eða mánuði í senn? Hvaða áhrif hafði það á fjölskylduna og fjölskyldulífið þegar börnin bjuggu hluta af árinu í skólanum? Ef til vill þekkir þú einhvern sem hefur verið á heimavist – spurðu foreldra þína, ömmu og afa eða annað eldra fólk.

Settu þig í spor konu sem giftist hermanni, eignaðist með honum barn og flutti með honum til Bandaríkjanna. Skrifaðu bréf sem hún sendir heim til fjölskyldu sinnar. Lýstu því hvernig fyrsta árið í Bandaríkjunum hefur verið. Hvað kom henni á óvart? Hvernig er líf hennar í útlöndum, fjarri eigin stórfjölskyldu? Hvernig er samband hennar við tengdafjölskylduna?

Barnagætur

segðu mér sögu
 segðu mér söguna af því
 þegar þú dast í sjóinn
 þegar þú braust rúðuna
 þegar þú tjargaðir hanann
 þegar þú kastaðir grjóti í gumba
 þegar þú söngst klámvísuna fyrir ömmu þína
 þegar þú laugst að afa þínum
 þegar þú skiptir um haus á fiskiflugunum
 þegar þú stiklaðir yfir ána rétt ofan við fossinn
 þegar þú skreiðst undir girðinguna á rósuhústúninu
 þegar þú drapst rottuna
 þegar þú gekkst aftur á bak í poll í sparikjólnum
 þegar þú reifst nýju svuntuna
 þegar þú drakkst brunnskluvatn
 þegar þú skemmtir skrattanum á sunnudegi
 þegar þú kvaldir ljósið á jólnunum
 þegar þú hlóst í kirkjunni
 þegar þú klifraðir upp á dvergasteininn
 þegar þú bentir á skip
 þegar þú steigst á strik
 þegar þú blótaðir þrisvar í röð
 þegar þú varst lítill strákur
 eins og ég mamma mín



Til umhugsunar

Þetta ljóð er eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur. Hún bjó við Seyðisfjörð þegar hún var stelpa og upplifði stríðsárin þar. Í ljóðinu ávarpar lítill strákur mömmu sína og telur upp ýmis skammarstrik sem hún gerði þegar hún var lítil. Hvaða skammarstrik eru það? Hvað er að „skemmta skrattanum“ og „kvelja ljósið“? Af hverju má ekki benda á skip? Prófaðu að skrifa ljóð sem er byggt upp eins og þetta. Hvernig prakkarastrik heldur þú að foreldrar þínir hafi gert sem börn? Hafa skammarstrik barna breyst frá því Vilborg var lítil? Hvernig þá?

Lítill þröngur heimur

Ég ólst upp í tíðindaleyzi kreppuáranna og eiginlega finnst mér fátt hafa gerst sem í frásögur er færandi fyrir en breski herinn nam land í Reykjavík. Þá var ég fjórtán ára og manni fannst þetta allt alveg óskaplega spennandi og nýstárlegt. Ég man að ég hafði sérstaklega áhuga á úniformunum þeirra, allir strákar hafa áhuga á einkennisbúningum, en hvað mig snerti var eitthvað meira sem heillaði. [...] Oftast var þetta nú bara stundargaman, en mörg okkar voru að vonast eftir einhverju meira, eiginlega vorum við öll að leita að leið út úr okkar litla og þrönga heimi. Stelpurnar náðu sér stundum í eiginmann, en ævintýrin stóðu oftast styttra hjá strákunum, aðstæður dátanna voru þannig, á sinn hátt fóru þeir leynt með sjálfa sig, alveg eins og Íslendingarnir. Margir áttu líka konu og börn sem biðu eftir þeim heima. En ég var nokkuð laginn við að mynda tengsl og félagsskap við suma af þessum elskhugum mínum, til dæmis fór ég með einum þeirra í ferð norður í land þar sem við gistum hjá vinafólki ömmu minnar á Blönduósi. Þetta var heilmikill viðburður í lífi mínu því að ferðalög um Ísland voru talsvert mál árið 1943.

Til umhugsunar

Þetta brot er úr viðtali við Þóri Björnsson, sem var unglingur í Reykjavík á stríðsárunum. Hann var samkynhneigður og átti í ástarsambandi við hermenn. Oft er talað um sambönd íslenskra stelpna við hermenn en það er sjaldnar minnst á strákana. Hvernig heldur þú að aðstæður þeirra hafi verið ólíkar aðstæðum stelpnanna? Höfðu þeir einhverja möguleika á að stofna fjölskyldu með erlendum hermanni? Væri þetta öðruvísi í dag?




Kjartan Ásgeirsson, 45 ára
 Esther Guðmundsdóttir, 43 ára
 Jón Þór Kjartansson, 20 ára
 Anna Margrét Kjartansdóttir, 18 ára

Við erum stödd við götuna Breiðdagerði í Reykjavík árið 1970. Kjartan og Esther hafa verið gift í meira en tuttugu ár. Þau eiga tvö börn. Kjartan er læknir og vinnur á Landspítalanum. Esther lauk gagnfræðaskóla og vann fyrir þeim meðan Kjartan var í námi en eftir að þau giftu sig var hún heima með börnin. Esther byrjaði aftur að vinna þegar krakkarnir stækkuðu og nú starfar hún hálfan daginn á skrifstofu.

Kjartan og Esther byggðu húsið sitt sjálf. Það er mjög rúmgott. Á neðri hæðinni er eldhús og tvær stofur og herbergi sem er kallað húsbóndaherbergið. Þar hefur Kjartan skrifstofu. Á efri hæðinni er hjónaherbergi, sérherbergi fyrir bæði börnin og tvö baðherbergi. Í kjallaranum er geymsla og þvottahús. Húsinu fylgir bílskúr og þar er bíll fjölskyldunnar geymdur.

Anna Margrét og Jón Þór búa enn þá heima hjá foreldrum sínum og ætla að gera það meðan þau eru í skóla. Þau hafa gengið í skóla frá því þau voru sjö ára. Eftir barnaskólann fóru þau bæði í gagnfræðaskóla og síðan í menntaskóla. Þau hafa líka verið í ýmsu tómstundastarfi. Anna Margrét er í píanótímum og æfði lengi handbolta en Jón Þór spilar á gítar.

Þegar systkinin voru yngri fóru þau í sveit á sumrin. Þá dvöldu þau allt sumarið hjá frændfólki sínu á sveitabæ í Skagafirði og



sinntu bústörfum með hinu heimilisfólkinu. Þegar þau urðu eldri hættu þau að fara í sveitina og fengu sér í staðinn sumarvinnu í bænum. Jón Þór bar út blöð og seinna var hann í byggingarvinnu. Anna Margrét hefur unnið í fiski og passað börn. Þau þurfa ekki að borga heim svo þau eiga launin sín sjálf og geta eytt þeim eins og þau vilja. Fjölskyldan hefur líka farið í sumarfrí til Danmerkur og Þýskalands. Það hafa ekki allir efni á því og mörg skólasystkini þeirra hafa aldrei komið til útlanda.



Á virkum kvöldum eru systkinin oftast heima að læra. Jón Þór á plötuspilara svo þau geta hlustað á rokktonlist af plötum meðan þau lesa. Stundum taka þau sér frí frá lærdómnum og horfa á sjónvarpið með foreldrum sínum en fjölskyldan er nýbúin að eignast svarthvítt sjónvarp. Það er samt aldrei sjónvarp á fimmtudögum og ekki heldur í júlí – þá eru starfsmenn sjónvarpsins í fríi.

Um helgar fara krakkarnir út að hitta vini sína á kvöldin. Þau fara á rúntinn á bíl foreldra sinna eða skella sér í bíó. Kjartan og Esther fara líka oft í bíó en þau velja yfirleitt aðrar myndir en krakkarnir. Esther er í saumaklúbb sem hittist reglulega og Kjartan spilar bridds með félögum sínum. Þau hafa líka gaman af því að halda matarboð. Esther er góður kokkur og prófar sig oft áfram með nýja rétti. Hún hefur til dæmis prófað að elda framandi ítalskan rétt sem dagblöðin hafa lýst sem „svellþykkri pönnuköku“ en er líka kallaður pítsa. Krökkunum fannst pítsan mjög góð en Kjartan vill frekar soðna ýsu og kartöflur.



Strákar í smíðatíma um 1960.

Verkaskipting kynjanna

Um 1970 var verkaskipting kynjanna enn mikil. Litið var svo á að það væri hlutverk karlmannsins að vinna úti en konan ætti að sjá um heimilið og börnin. Ólík störf voru skilgreind sem karlastörf og kvennastörf. Þessi verkaskipting hófst mjög snemma. Í skólanum fóru strákar í smíði en stelpur í sauma.

Mun fleiri strákar en stelpur fóru í framhaldsnám. Mörgum fannst óþarfi að stelpur lærðu meira í bóklegum greinum, þar sem þær ættu fyrst og fremst að verða húsmæður. Sumar stelpur fóru hins vegar í húsmæðraskóla. Þar var kennt ýmislegt

sem húsmæður þurftu að kunna, til dæmis hannyrðir, matreiðsla og meðferð ungbarna.

Að sjá um heimili var full vinna. Fyrir á 20. öld höfðu margar betur stæðar konur haft vinnukonur sér til aðstoðar en um 1970 voru engar vinnukonur lengur. Giftar mæður sinntu börnunum svo að segja allan sólarhringinn frá því þau fæddust og þangað til þau fóru í skóla. Þær héldu heimilinu hreinu, þvoðu þvottinn af fjölskyldunni, saumuðu föt og elduðu matinn. Oft elduðu þær mat í hádeginu, því margir karlar komu heim í hádeginu til að borða.



Börn í leikskóla kringum 1960.

Þrátt fyrir þetta var ekki alltaf viðurkennt í samfélaginu að húsmóðurhlutverkið væri raunveruleg vinna. Giftar konur sem unnu ekki úti fengu ekki laun og áttu þess vegna ekki peninga sjálfar. Það gerði þær háðar eiginmönnum sínum. Oft var ekki lítið á konur sem fullgilda þátttakendur í samfélaginu. Konur sem reyndu að skrá sig í símaskrána fengu jafnvel þau svör að það væri ekki hægt, símaskráin yrði allt of löng ef konur væru líka skráðar.

Giftar konur sem vildu fara út að vinna gátu það yfirleitt ekki ef þær áttu lítil börn. Dagheimili voru einungis ætluð börnum einstæðra mæðra og fólk taldi jafnvel að það væri óhollt fyrir lítil börn að vera á leikskóla. Það var því algengt að giftar mæður væru heima meðan börnin voru lítil en færu svo út að vinna þegar þau stækkuðu. En þótt þær væru útvinnandi voru heimilisstörfin oftast á þeirra könnu. Þegar þær komu heim úr vinnunni áttu þær eftir að elda, þrifa og vaska upp.

Nýjungar og tækni



Kona við þvottavél.

Á 20. öld komu til sögunnar fjöldamargar nýjungar sem breyttu íslensku heimilislífi. Í upphafi aldarinnar var stofnuð vatnsveita sem flutti kalt vatn beint inn á heimilið. Síðan kom rafmagnið. Það var ekki bara notað til að lýsa upp heimilið heldur til að knýja ýmis heimilistæki, til dæmis eldavélar, þvottavélar, ísskápa og ryksugur og seinna frystikistur, uppþvottavélar og örbylgjuofna. Að lokum má nefna hitaveituna en með henni kom bæði kalt og heitt vatn úr krananum.

Öll þessi tækni hafði mikil áhrif á lífið á heimilinu. Eftir að vatnsveitan kom þurfti ekki lengur að burðast með vatn heim úr

brunninum eða bæjarlæknum. Vatnsklósett leystu kamarinn af hólmi. Eftir að hitaveitan kom þurfti ekki að sjóða vatn til að geta baðað sig. Þvottavélar og ryksugur gerðu það fljótlega og auðveldara að þrífa. Eftir að ísskápurinn kom var hægt að geyma matinn lengur og það þurfti ekki að fara á hverjum degi í búðina. Þá eignuðust líka fleiri fjölskyldur bíl og gátu farið keyrandi lengri vegalengdir en áður.

Nýjungarnar komu fram á fleiri sviðum. Læknum fjölgaði og fólk öðlaðist meiri þekkingu, til dæmis á mikilvægi hreinlætis. Ný lyf komu til sögunnar. Smám saman dró úr veikindum og dánartíðni lækkaði. Það varð sjaldgæfara að foreldrar misstu lítil börn.

Kjartan og Esther ákváðu að eignast bara tvö börn. Þau höfðu aðgang að getnaðarvörnum, enda var Kjartan læknir. Um miðjan 7. áratuginn kom ný getnaðarvörn á markaðinn, pillan, sem gerði mun auðveldara fyrir fólk að stjórna barneignum sínum. Smám saman eignaðist fólk færri börn og fjölskyldur urðu fámennari.

Þetta hafði sérstaklega áhrif á líf kvenna. Það var mikil vinna að sjá um stóran barnahóp og fyrir margar konur var líkamlega erfitt að ganga með og fæða svona mörg börn. Konur þurftu oftast að vinna á meðgöngunni og byrjuðu að vinna aftur mjög fljótlega eftir fæðinguna.

Umræður og verkefni

Um 1970 byrjaði hópur kvenna að berjast fyrir jafnrétti kynjanna á Íslandi. Þær kölluðu sig rauðsokkur. Hvaða upplýsingar getur þú fundið um rauðsokkurnar? Hver voru baráttumál þeirra?

Á 20. öld fækkaði smám saman í íslenskum fjölskyldum, meðal annars vegna þess að fólk gat ákveðið hversu mörg börn það vildi eignast. Af hverju heldur þú að fólk hafi ákveðið að eignast færri börn? Hvað heldur þú að hafi áhrif á það hversu mörg börn fólk ákveður að eignast? Hvaða máli skiptir það fyrir lífið á heimilinu hvort fjölskyldan er lítil eða stór? Heldur þú að uppeldið hafi verið jafnt á höndum kvenna og karla?

Í kaflanum á undan var fjallað um ýmis heimilistæki sem hafa sett mark sitt á heimilislífið á Íslandi, til dæmis rafmagnseldavélar, þvottavélar og örbylgjuofna. Ímyndaðu þér að þessi tæki væru ekki lengur til staðar og það þyrfti aftur að vinna öll störf í höndunum. Hvað tæki langan tíma að þrifa, útbúa máltíðir fjölskyldunnar og þvo af henni þvottinn? Hvaða áhrif hefði það á heimilislífið? Þú getur leitað ráða hjá eldri fjölskyldumeðlimum.

Þegar Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti árið 1980 þótti mörgum skritin tilhugsun að einstæð móðir yrði forseti Íslands. Rúmlega 40 árum síðar bauð ólétt kona sig fram til forseta og það vakti líka athygli. Af hverju? Skiptir fjölskylda forsetans máli? Hvernig þá?




Vigdís Finnbogadóttir ásamt dóttur sinni að loknum forsetakosningum í júní 1980.

Til umhugsunar

Þessi texti er úr skáldsögunni *Gulleyjan* eftir Einar Kárason og lýsir lífinu í braggahverfi í Reykjavík skömmu áður en sjónvarpið kom til sögunnar. Hvaða áhrif heldur þú að tilkoma sjónvarpsins hafi haft á líf barna og lífið á heimilinu almennt? Nefndu nokkrar líklegar breytingar. Gerið líka stutta könnun á því hvernig fjölskyldur krakkanna í bekknum nota sjónvarp. Hversu mikið horfir hver fjölskylda á sjónvarpið? Horfa allir saman á sjónvarpið eða hver fyrir sig?

Gulleyjan

„Enn mátti bíða eftir sjónvarpsdagskránni, með heilbrigðri skemmtun fyrir alla fjölskylduna; sjónvarpsdagskránni sem átti að venja börnin af skemmandi sjoppuhangi, stytta stundir aldraðra, lamaðra og fatlaðra, lina kvalir særðra og sjúkra, bæta ekkjum og munaðarlausum missinn. Í Gamla húsinu hélt bara allt sínum gangi enn um stund, og líka úti hverfinu; krakkarnir teikuðu strætó þegar veðrið var gott, stóðu í einstöku hverfastríðum, hlupu yfir afbrotabrautina, stundum á rauðu; stunduðu box, bófahasar, eltingaleik, sjoppuhangs og knattspyrnu. Stundum brast á æði: bítlæði, klámblaðæði; um tíma voru allir strákar í hverfinu uppteknir af skellinöðrum, í annan tíma voru allir krakkar í skautahlaupi, fyrir utan einn og einn lóner.“





Veltu fyrir þér

Þessi mynd er tekin árið 1961, í afmælisveislu gömlu konunnar í dyragættinni. Segir myndin okkur eitthvað um verkaskiptinguna á heimilinu? Gæti sama mynd verið tekin í dag? Hver sér um hvaða húsvörk heima hjá þér? Teiknaðu mynd þar sem fjölskylda þín gengur frá eftir matinn, t.d. á jólnunum. Hvernig er hún öðruvísi?

Albert Sveinbjörnsson, 42 ára
 Hildur Jensína Þorkelsdóttir, 39 ára
 Sveinbjörn Albertsson, 21 árs
 Þorkell Aleksi Niemi, 14 ára
 Tinna Rós Hildardóttir Albertsdóttir, 6 ára
 Sandra Fönn Hildardóttir Albertsdóttir, 3 ára
 Týri, 7 ára

Við erum stödd á bænum Presthálsi í Eyjafirði árið 2000. Þar búa þau Albert og Hildur með fjórum börnum og hundinum Týra. Hjónin eiga hvort um sig einn son af fyrra hjónabandi en saman eiga þau Tinnu Rós og Söndru Fönn. Móðir Sveinbjörns býr í Reykjavík með sambyliskonu sinni og þau hittast reglulega. Pabbi Þorkels er finnskur. Hann býr í Helsinki með konu og börnum. Þorkell fer alltaf til þeirra í fríum.

Fjölskyldan á Presthálsi rekur ferðapjónustu og lítið gistiheimili þar sem þau taka á móti íslenskum og erlendum ferðamönnum. Þau eru með nokkrar kindur, hesta og hænur. Á jörðinni eru útihús og smáhýsi fyrir gestina en fjölskyldan býr í rúmgóðu einbýlishúsi. Allir krakkarnir hafa sérherbergi og auk þess eru þrjár stofur, eldhús, hjónaherbergi, tvö baðherbergi, tölvuherbergi og stór geymsla í húsinu. Því fylgir tvöfaldur bílskúr. Fjölskyldan á tvo bíla, jeppa og fólksbíl, og Sveinbjörn á sinn eigin bíl.



Það er mest að gera í ferðapjónustunni á sumrin og þá vinnur öll fjölskyldan við að taka á móti gestunum. Þau fá því ekki mikið sumarfrí en í staðinn fara þau alltaf saman til Kanaríeyja á jólunum og liggja í sólbaði á aðfangadag.

Á veturna vinnur Hildur Jensína á Akureyri sem grunnskólakennari. Albert er grafískur hönnuður og tekur að sér ýmis verkefni sem hann getur unnið heima. Sveinbjörn er að læra lögfræði í Háskólanum á Akureyri. Þorkell Aleksi og Tinna Rós eru í skóla í sveitinni og Sandra Fönn er í leikskóla á sama stað. Hildur Jensína



keyrir þau þangað á hverjum degi á leiðinni í vinnuna.

Foreldrar Hildar og Alberts búa á Akureyri. Þau koma oft í heimsókn og litlu stelpurnar gista hjá þeim um hverja helgi. Amma Þorkels er að reyna að sannfæra hann um að fermast í kirkju í vor en hann vill fermast borgaralega. Hildur og Albert vilja að hann ráði því sjálfur. Þau eru

ekki trúuð og giftu sig hjá sýslumanni en ekki hjá presti.

Meðlimir fjölskyldunnar á Presthálsi hafa fjölbreytt áhugamál. Allir eru á ferð og flugi og stundum líður langur tími milli þess sem fjölskyldan hittist öll saman. Þorkell æfir fótbolta og Tinna er nýbyrjuð að æfa líka. Hún lítur mjög upp til stóra bróður síns og vill gera allt eins og hann. Sveinbjörn og Þorkell eyða líka miklum tíma í tölvunni, þótt Hildur skammi þá fyrir það en stelpunum finnst skemmtilegast að horfa á teiknimyndir í sjónvarpinu. Hildur er mikil hestakona og ríður út á hverjum degi ef hún getur. Albert stundar jóga. Á veturna gerir hann jógaæfingar í stofunni en á sumrin fer hann út á tún. Stundum slást túristarnir í hópinn og gera með honum æfingar sem heita



Pabbi í feðraorlofi skiptir um bleyju á barni sínu.

Feður og mæður

nöfnum á borð við tréð og hundurinn.

Hildur Jensína hefur alltaf verið útvinnandi. Þegar börnin hennar fæddust fékk hún fæðingarorlof og gat verið heima að sjá um þau í nokkra mánuði eftir fæðinguna. Þá fóru börnin til dagmömmu og síðan á leikskóla. Loks ganga þau í skóla í heil tíu ár, frá því þau eru 6 ára og þar til árið sem þau verða 16 ára. Líf mæðra breyttist því töluvert þegar fæðingarorlof og leikskólar

komu til sögunnar.

En það er ekki bara líf móðurinnar sem hefur breyst. Margir karlar eru byrjaðir að taka meiri þátt inni á heimilinu en áður. Lengi vel þótti það mikilvægasta hlutverk karlmannsins að vera fyrirvinna fjölskyldunnar. Karlar þurftu oft að vinna mikið til að sjá fyrir heimilinu og þeir sáu börnin sín jafnvel lítið. Þeir fóru í vinnuna áður en þau vöknudðu á morgnana og komu ekki heim fyrir en þau voru sofnuð á kvöldin. Ef hjónin skildu fylgdu börnin oftast mömmu sinni.

Albert tekur meiri þátt í uppeldi barna sinna. Hann vekur stelpurnar á morgnana, gefur þeim að borða og klæðir þær, les fyrir þær og svæfir þær á kvöldin, alveg eins og mamma þeirra. Þar sem hann er heimavinnandi sér hann yfirleitt um þær þegar þær eru veikar og komast ekki í skólann eða leikskólann.

Árið 2000 eru sett ný lög um fæðingarorlof. Eftir það geta feður líka verið heima með nýfæddu börnunum sínum, í þrjá mánuði. Þetta er til marks um breytt viðhorf í samfélaginu. Nú þykir mikilvægt að bæði feður og mæður geti séð um börnin sín og tengst þeim nánum böndum.



Björg í bú

Hjón stunda handfæraveiðar saman.

Fjölskyldan á Presthálsi býr í sveit en þau reka ekki sams konar búskap og fólk gerði á 19. öld. Áður fyrr stunduðu Íslendingar sjálfsþurftarbúskap. Þá framleiddi fjölskyldan sjálf það sem hún þurfti til að lifa. Kjötið sem fólk borðaði kom af kindunum, mjólkin kom frá kúnum, fötin voru búin til úr ullinni og húsin voru byggð úr torfi og grjóti. Það voru meðlimir fjölskyldunnar sjálfir sem sáu um að slátra, mjólka, rýja, þrjóna og byggja.

Á 20. öld var þetta byrjað að breytast. Fólk flutti úr sveitunum í bæina og þar gátu ekki allir rekið búskap sér til viðurværis. Í staðinn fór fólk út í búð til að kaupa í matinn. Torfbæirnir hurfu og ný hús voru byggð úr timbri og steinsteypu.

Þetta breyttist ekki á einni nóttu. Ýmislegt var enn þá búð til inni á heimilinu. Við sjávarsíðuna áttu sumir báta og fiskuðu í soðið. Aðrir höfðu matjurtagarða þar sem þeir ræktuðu grænmeti og kartöflur. Margar húsmæður tóku slátur, tíndu ber og bjuggu til sultur. Og sumar fjölskyldur byggðu sín eigin hús, þótt byggingarefnið væri ekki lengur sótt út í móa.

Í dag er skipulag samfélagsins allt öðruvísi en áður. Flest það sem fjölskyldan þarfnast er keypt úti í búð. Og þótt íslenskar fjölskyldur séu minni í dag en þær voru um aldamótin 1900 eiga þær miklu meira af alls konar dóti – sem kemur alls staðar að úr heiminum. Margar af þeim flikum sem Íslendingar klæðast eru framleiddar af fólki frá fjarlægum löndum.

Umræður og verkefni


Ef við spyrðum krakkana á Presthálsi hvort hundurinn Týri væri hluti af fjölskyldunni myndu þau strax svara „já!“ En ætli svarið yrði öðruvísi ef þau væru spurð hvort kindurnar í fjárhúsinu væru hluti af fjölskyldunni, hestarnir eða hænnar? Hvers vegna?

Þorkell Aleksi ætlar að láta ferma sig borgaralega þótt amma hans sé því mótfallin. Fyrr á 20. öld datt sennilega fáum foreldrum í hug að spyrja börnin sín að því hvort þau vildu fermast. Börn höfðu líka færri tækifæri til að sinna ýmsum áhugamálum en í dag. Hins vegar fóru þau fyrr að vinna fyrir sér og fluttu oft snemma að heiman. Heldur þú að börn í dag séu háðari foreldrum sínum en börn voru við upphaf 20. aldar? Eða ræður þú meiru um líf þitt en krakkar gerðu áður fyrr?

Ímyndaðu þér að þú sért ein/n af fjölskyldumeðlimum á Vesturgötu árið 1910. Skrifðu niður hvaða réttindi og skyldur þú hefur á heimilinu. Veldu þér samskonar fjölskyldumeðlim frá fjölskyldunni á Presthálsi árið 2000 og endurtaktu leikinn. Prófaðu síðan að bera saman hvað hefur breyst.

Hvernig er fæðingarorlofi háttað í dag? Hvernig hefur það breyst frá því sem áður var? Heldur þú að þetta auki jafnrétti kynjanna?

Taktu viðtal við eldri manneskju, til dæmis ömmu eða afa. Spurðu hana að því hvaða breytingum á fjölskyldunni hún man eftir. Eru það breytingar sem sagt er frá í þessari bók, eða kannski eitthvað allt annað?



Afi & pabbi

Afi hefur alltaf nægan tíma til að leyfa þér að sitja fram í og stýra til að ýta þér í rólunni til að byggja hús og leggja vegi í sandinum

Pabbi er alltaf með áhyggjur verður að laga bílinn verður að mála þakið verður að ná í búðina fyrir lokun

Einu sinni var afi líka ungur áhyggjufullur og kraftmikill þurfti að vinna meðan börnin uxu úr grasi

Og þannig þekkir pabbi hann best

Núna hefur afi alltaf tíma

fyrir afastrákinn sinn

Til umhugsunar

Um hvað fjallar þetta ljóð eftir Bjarna Gunnarsson? Er munur á sambandi barna við foreldra sína annars vegar og ömmu sína og afa hins vegar? Átt þú ömmu og/eða afa? Hvernig er samband þitt við þau öðruvísi en samband þitt við foreldra þína? Hvers vegna?


Fjötur um andlegan fót

Þegar pabbi og mamma Völu skildu fyrir þremur árum leið meira en mánuður þangað til Vala sagði mér frá því að pabbi hennar væri fluttur. Ég held að hún hafi alltaf verið að vonast eftir því að hann kæmi aftur heim. Svo birtist viðtal við hann í einhverju kjaftablaðinu um „sársaukafullan skilnað dægurlagakóngsins“ með tilheyrandi væmnismyndum af honum sjálfum og svipmyndum úr fjölskyldu-albúminu: „Jóhann og Hildigunnur dansa brúðarvalsinn“, „stoltur faðir með elstu dótturina Þórdísi nýfædda“, „með dætrunum þremur við jólatréð meðan allt lék í lyndi“ o.s.frv.

Eftir þetta „opinskáa og einlæga“ viðtal þar sem pabbi hennar lýsti því yfir að fjölskyldulífið væri því miður „fjötur um andlegan fót hins skapandi listamanns“ gat Vala greyið ekki annað en kyngt staðreyndunum. Pabbi hennar var á bak og burt með sinn andlega fót og ekki væntanlegur aftur.

[...]


Pabbi hennar skildi nefnilega ekki bara við mömmu hennar heldur líka við Þórdísi, Völu og Helgu. Hann hirti helminginn af öllum eignum fjölskyldunnar, alveg niður í teskeiðar og ryðgaða nagla en Hildigunnur fékk að eiga dæturnar alveg einsömul.



Til umhugsunar

Þessi kafli úr skáldsögunni *Það á plánetunni Jörð* eftir *Olgu Guðrúnu Árnadóttur* fjallar um þá erfiðleika sem geta fylgt hjónaskilnuðum. Í dag eru skilnaðir mun algengari en þeir voru áður fyrr. Hvers vegna heldur þú að það sé? Leitaðu skýringa í fyrri köflum bókarinnar. Hvers konar breytingar hafa orðið á samfélaginu og hvers konar breytingar á hjónabandinu gætu þær hafa leitt af sér?

Þegar fólk skilur er misjafnt hvaða fyrirkomulag það hefur í sambandi við umgengni við börnin. Hvers konar fyrirkomulag þekkið þið?



Að lokum

Í þessari bók höfum við fjallað um ýmsar breytingar sem urðu á lífi íslenskra fjölskyldna á 20. öld. Þær eru nátengdar öðrum breytingum sem urðu á samfélaginu á þessum tíma.

Fleiri og fleiri fluttu úr sveit í bæ. Alls konar ný tækni kom til sögunnar. Smám saman urðu til stofnanir á borð við ellheimili og sjúkrahús sem tóku við störfum sem fjölskyldan hafði sinnt áður. Skólagangan lengdist og börn byrjuðu seinna að vinna fyrir sér. Hugmyndir fólks um hlutverk karla og kvenna breyttust. Hér höfum við aðallega fjallað um fjölskyldur á Íslandi en í öðrum ríkjum á Vesturlöndum var þróunin að mörgu leyti svipuð.

Virtu að lokum fyrir þér fjölskyldumyndirnar á síðunni. Veldu þér eina ljósmynd og skoðaðu hana vel. Skrifaðu síðan lýsingu á fjölskyldunni. Hafðu í huga það sem þú hefur lesið um í þessari bók. Hvenær heldurðu að myndin sé tekin? Hverjir eru meðlimir fjölskyldunnar? Nefndu alla á myndinni með nafni og tilgreindu hlutverk þeirra á heimilinu. Lýstu lífi og störfum fjölskyldunnar eins og þú sérð hana fyrir þér.



Góð ráð við lestur námsbóka!

Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur. Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf. Um hvað fjallar bókin? Hvað veist þú um efnið?
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin. Stundum er gott að skrifa hjá sér minnispunkta.
- Spurðu um það sem þú skilur ekki, til dæmis orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Veltu fyrir þér aðalatriðum og hvaða atriði skipta minna máli.
- Lestu textann aftur.
- Rifjaðu upp það sem þú last, hugsaðu um hvað þú hefur lært og reyndu að endursegja með eigin orðum.

Myndalisti

Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Bjarnleifur Bjarnleifsson 25
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Guðbjartur Ásgeirsson 8
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Guðrún Jónsdóttir/Sigurður Sigtryggsson 32 mið
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Hörður Vilhjálmsson 32 neðst
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Karl Christian Nielsen 12 efri, 13, 14
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Laufásvegur 67/Valgeir Björnsson 6
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Ljósmyndari Gunnar Rúnar Ólafsson 20, 21, 22, 32 efst
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Ljósmyndari Gunnar V Andrésen 23
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Magnús Ólafsson 7
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Olga Dagmar Nielsen 12 neðri
MBL/ Alfons Finnsson 29
MBL/Þorkell Þorkelsson 28

Heimildaskrá

Bjarni Gunnarsson, 2007.
Blóm handa þabba. Akranes.
Einar Kárasen, 1989. *Gulleyjan*.
Stórbók. Reykjavík.
Jakobína Sigurðardóttir, 1994.
Í barndómi. Reykjavík.
Olga Guðrún Árnadóttir, 2002.
Peð á plánetunni Jörð. Reykjavík.
Vilborg Dagbjartsdóttir, 1981. *Ljóð*. Reykjavík.
Þorvaldur Kristinsson, 2008. „Maður stendur með sínum ef maður getur. Spjallað við Þóri Björnsson“.
Gay Pride '08. Dagskrárrit. Reykjavík



FJÖLSKYLDAN Á 20. ÖLD

Þetta þemahefti fjallar um fjölskylduna á Íslandi á 20. öld. Sagt er frá fjórum íslenskum fjölskyldum sem voru uppi á ólíkum tímabilum á öldinni og fjallað um það hvernig líf og störf fjölskyldunnar hafa breyst í tímans rás. Í bókinni eru fjölbreytt verkefni sem henta nemendum á mið- og unglingastigi grunnskólans.

m MENNTAMÁLASTOFNUN
40111

